

Nd.

158. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði, sand, mel eða annað gróðurlaust land í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að framförnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að  $\frac{2}{3}$  greiddur úr rikissjóði, en  $\frac{1}{3}$  af landeiganda, og skal fullnægjandi trygging, að dómi Búnaðarfélags Íslands, sett fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

2. gr.

Í stað „foksvæðið“ í 9. gr. laganna komi: sandgræðslusvæðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ræktun landsins er eitt af hinum mikilvægustu þjóðmálum, enda ofarlega á baugi með þjóðinni. Með ræktun er bætt aðstaða þeirra, er búskap stunda, og aukin ræktun er undirstaða að fjölgun býla í samræmi við vaxandi fólksfjölda í landinu.

Sandgræðsla er merkilegur og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu. Fátt er ánægjulegra en að sjá sandauðn breytast í grænar grundir. Stækkun landsins á þann hátt er starf, sem komandi kynslóðir eiga að njóta ávaxta af.

Á sviði sandgræðslunnar hefur verið unnið stórvirki að undanfögnu í sumum héruðum landsins með því að koma í veg fyrir uppblástur og græða gömul sár. Þekking manna vex og reynsla í starfi og árangurinn á þessu sviði að sama skapi. Á síðustu árum hafa íslenskir menn lært að hagnýta í þessu skyni erlendar jurtir, sem ætla má að reynist mjög gagnlegar við að auka gróður landsins og geta jafnvel orkað því að beina straumlitlum vötnum í vissa farvegi.

Lög þau, er nú gilda um sandgræðslu og heftingu sandfoks, mæla einungis fyrir um það, að unnið sé að sandgræðslu á vegum ríkisins á svæðum, þar sem uppblástur lands á sér stað, til þess að koma í veg fyrir hann og græða foksvæðin.

Það nýmæli felst í frumvarpi þessu, að starfsemi sandgræðslu ríkisins er ætlað víðara svið en verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu skal sandgræðslunni heimilt að girða og græða sanda, mela eða annað gróðurlaust land, ef þess er óskað af landeiganda, þótt þar sé ekki hætt á uppblæstri og gróðurleysið stafi ekki af sandfoki, heldur öðrum ástæðum.

Í sumum héruðum landsins eru stór svæði sanda og mela, sem telja má víst að auðvelt sé að breyta í gróðurlendi.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að sandgræðsla ríkisins hafi aðstöðu til að færast enn meira í fang en verið hefur við hið gagnlega starf að auka gróður landsins.